

146. löggjafarþing 2016–2017.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðisráðherra.

1. gr.

1. gr. laganna verður svohljóðandi:

Markmið laga þessara er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks, m.a. með því að stuðla að samdrætti í neyslu tóbaks, og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks. Sérstaklega skal unnið gegn tóbaksnotkun og neyslu nikótíns í rafsígarettum meðal ungs fólks.

Virða skal rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað reyk eða gufu vegna tóbaksneyslu eða notkunar á rafsígarettum.

Þeir sem bera ábyrgð á barni skulu stuðla að því að það njóti réttar skv. 2. mgr., einnig þar sem reykingar og notkun rafsígarettna eru ekki bannaðar skv. III. kafla þessara laga.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar:

Með rafsígarettum er í lögum þessum átt við vörur sem hægt er að nota til neyslu á gufu, sem inniheldur nikótín, með munnstykki, eða einhver hluti þeirrar vöru, þ.m.t. hylki, tankur og búnaðurinn án hylkis eða tanks. Rafsígarettur geta verið einnota eða fjölnota með áfyllingaríláti og tanki eða endurhlaðanlegar með einnota hylkjum.

Með áfyllingaríláti er í lögum þessum átt við ílát sem inniheldur níkótínvökva sem hægt er að nota til að fylla á rafsígarettur.

3. gr.

3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Lög þessi gilda hvorki um tóbak eða níkótínvökva sem notað er sem lyf samkvæmt lyfjalögum eða eiturefni samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni né rafsígarettur sem flokkast eru sem lækningatæki samkvæmt lögum um lækningatæki.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Rafsígarettur og áfyllingarílát má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar að skráðar séu viðvaranir á umbúðir þess.

3. mgr. 6. gr. sem verður 4. mgr. 6. gr. verður svohljóðandi: Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar skv. 1., 2. og 3. mgr., þar á meðal um viðvörunartexta og viðvörunarmyndir, stærð þeirra og letur og annað sem máli kann að skipta.

Á eftir 4. mgr. 6. gr. kemur ný málsgrein, sem verður 6. mgr., svohljóðandi: Óheimilt er að hafa á umbúðum tóbaks, rafsígarettna eða áfyllingarílata texta eða myndmál sem geta höfðað sérstaklega til barna og unglinga, m.a. með myndskreytingum eða slagorðum, og þannig hvatt til neyslu tóbaks eða rafsígarettna.

5. mgr. 6. gr. sem verður 7. mgr. 6. gr. verður svohljóðandi: Tóbaksframleiðendur og framleiðendur rafsígarettna og áfyllingarílata standa straum af kostnaði við merkingar samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 7. gr.:

- a. Á eftir orðinu „tóbaki“ og í stað „og reykfærum“ í 1. másl. 1. mgr. 7. gr. kemur: , reykfærum, rafsígarettum og áfyllingarílátum.
- b. Á eftir orðinu „tóbaksvöru“ í 2. másl. 1. mgr. 7. gr. kemur: , rafsígarettur eða áfyllingarílát.
- c. Á eftir orðinu „tóbaksvörur“ í 3. másl. 1. mgr. 7. gr. kemur: , rafsígarettur eða áfyllingarílát.
- d. Á eftir orðinu „tóbaksvörum“ í 4. másl. 1. mgr. 7. gr. kemur: og Embætti landlæknis um skaðleg efni í áfyllingarílátum.

2. mgr. 7. gr. verður svohljóðandi

Óheimilt er að sýna neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks, reykfæra, rafsígarettna eða áfyllingarílata í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu og í myndskreytingu á varningi. Jafnframt er óheimilt að flytja inn, framleiða og selja leikföng eða sælgæti sem er eftirlíking af tóbaki, reykfærum, rafsígarettum eða áfyllingarílátum.

Á eftir orðinu „hefðbundinna“ og í stað orðsins „tóbaksvörumerkja“ í 2. tölul. 3. mgr. 7. gr. kemur: vörumerkja tóbaks, rafsígarettna eða áfyllingarílata.

Á eftir orðinu „tóbak“ í 4. og 5. mgr. 7. gr. kemur: , rafsígarettur eða áfyllingarílát.

6. mgr. 7. gr. verður svohljóðandi:

Tóbaksvörum, rafsígarettum og áfyllingarílátum og vörumerkjum þeirra skal komið þannig fyrir á útsölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptavinum. Sérverslunum með tóbak, rafsígarettur og áfyllingarílát, þ.e. verslunum sem einkum hafa tóbak, reykfæri, rafsígarettur og áfyllingaílát á boðstólnum, er þó heimilt að koma tóbaki, reykfærum, rafsígarettum og áfyllingarílátum og vörumerkjum tóbaks þannig fyrir innan verslunar að það sé sýnilegt viðskiptavinum þegar inn í verslunina er komið.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „tóbak“ í 1. másl. 1. mgr. 8. gr. kemur: rafsígarettur eða áfyllingaílát.
- b. Á eftir orðinu „tóbak“ í 2. másl. 1. mgr. 8. gr. og í stað „er selt“ kemur: rafsígarettur eða áfyllingarílát eru seld.

- c. Á eftir orðinu „tóbak“ í 3. mgr. 8. gr. kemur: rafsígarettur eða áfyllingaflát.
- d. Á eftir 4. mgr. 8. gr. koma þrjár nýjar málsgreinar 5. mgr., 6. mgr. og 7. mgr. svohljóðandi:
Ekki er heimilt að selja áfyllingarílát með nikótínvökva sem inniheldur meira nikótín en sem nemur 20 mg/ml.
Ekki er heimilt að selja áfyllingarílát sem innihalda meira en 10 ml. af vökva.
Ekki er heimilt að selja hylki til áfyllingar í rafsígarettur sem innihalda meira en 2 ml. af vökva.
- e. Á eftir orðinu „tóbak“ í 6. mgr., sem verður 9. mgr., kemur: rafsígarettur eða áfyllingarílát.
- f. Á eftir orðinu „tóbak“ í 7. mgr., sem verður 10. mgr., kemur: rafsígarettur og áfyllingarílát.
- g. Á eftir orðinu „tóbak“ í 8. mgr., sem verður 11. mgr., kemur: rafsígarettna og áfyllingaríláta.
- h. 1. másl. 10. mgr. 8. gr., sem verður 1. másl. 13. mgr. 8. gr., hljóðast svo: Ráðherra setur frekari ákvæði í reglugerð, í samræmi við gildandi tilskipanir Evrópusambandsins, um hver skuli vera hæstu leyfileg mörk efna í tóbaki, áfyllingarílátum, tóbaksreyk og gufu vegna notkunar rafsígarettna og hvernig háttað skuli mælingum og eftirliti með því að þessi mörk séu virt.

7. gr.

Fyrirsögn III. kafla verður: **Takmörkun á tóbaksreykingum og notkun rafsígarettna.**

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „tóbaksreykingar“ í 1. mgr. 9. gr. kemur: og notkun rafsígarettna.
- b. Á eftir orðinu „reykingar“ í 1. másl. 3. mgr. 9. gr. kemur: og notkun rafsígarettna.
- c. Á eftir orðinu „reykingar“ í 2. másl. 3. mgr. 9. gr. kemur: né notkun rafsígarettna.
- d. Á eftir orðinu „reykingar“ og „reykingarnar“ í 4. mgr. 9. gr. kemur: og notkun rafsígarettna.
- e. Á eftir orðinu „reykingar“ og „reykingum“ í 6. mgr. 9. gr. kemur: og notkun rafsígarettna.
- f. Á eftir orðinu „tóbaksreykingar“ í 7. mgr. 9. gr. kemur: og notkun rafsígarettna.

g. Á eftir orðinu „tóbaksneyslu“ í 8. mgr. 9. gr. kemur: og notkun rafsígarettna.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „tóbaksreykingar“ í 1. mgr. 10. gr. kemur: og notkun rafsígarettna.
- b. Á eftir orðinu „reykingar“ í 5. tölul. 10. gr. kemur í stað „sjúklinga í vissum tilvikum“: og notkun rafsígarettna hjá sjúklingum í vissum tilvikum.
- c. Á eftir orðinu „reykingar“ í 6. tölul. 10. gr. kemur: og notkun rafsígarettna.
- d. Á eftir orðinu „reykja“ og í stað „kost á reyklusum fangaklefum“ í 6. tölul. 10. gr. kemur: eða neyta rafsígarettna kost á fangaklefum sem ekki eru mengaðir af tóbaksreyk eða gufu vegna notkunar á rafsígarettum.
- e. Á eftir orðinu „tóbaksneysla“ í 2. mgr. 10. gr. kemur: og neysla rafsígarettna.
- f. Á eftir orðinu „grunnskólum“ í 2. mgr. 10. gr. kemur: framhaldsskólum, sérskólum.
- g. 3. mgr. 10. gr. verður svohljóðandi: Forstöðumenn allra annarra opinberra stofnana en um getur í 1. mgr. skulu í samráði við starfsfólk gera áætlun um bann við reykingum og neyslu rafsígarettna innan viðkomandi stofnunar.

10. gr.

Á eftir orðinu „reykingar“ í 11. gr. laganna kemur: og notkun rafsígarettna.

11. gr.

Á eftir orðinu „andrúmslofti“ í 1. mgr. 12. gr. kemur: „og andrúmslofti sem ekki er mengað af gufu vegna notkunar rafsígarettna.“

Á eftir orðinu „reykingum“ í 2. mgr. 12. gr. kemur: og notkun rafsígarettna.

12. gr.

Á eftir orðinu „tóbaksreykingar“ í 1. mgr. 13. gr. kemur: og notkun rafsígarettna.

Á eftir orðinu „reykingar“ í 2. mgr. 13. gr. kemur: og notkun rafsígarettna.

Á eftir orðinu „reykja“ í 2. mgr. 13. gr. kemur: eða nota rafsígarettur.

13. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli IV. kafli. **Rafsígarettur**, með eftirfarandi fimm nýjum greinum, og breytast númer annarra kafla og greina samkvæmt því:

a.

Óheimilt er að flytja inn, selja eða framleiða rafsígarettur og áfyllingar sem ekki uppfylla ákvæði laga þessara eða reglugerða sem sett er með stöð í þeim.

b.

Framleiðendur og innflytjendur rafsígarettna og áfyllingarílata, sem þeir hyggjast setja á markað hér á landi, skulu senda Neytendastofu tilkynningu um slíkt 6 mánuðum áður en setning á markað er fyrirhuguð. Leggja skal fram nýja tilkynningu fyrir hverja umtalsverða breytingu á vörunni.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja frekari ákvæði um tilkynningu skv. 2. mgr., m.a. um hvaða upplýsingar skulu fylgja tilkynningu, um móttöku tilkynninga, geymslu, meðhöndlun og greiningu upplýsinga sem fylgja tilkynningu.

Neytendastofu er heimilt að taka gjald fyrir móttöku tilkynningar, sbr. 2. mgr., til að standa undir kostnaði vegna móttöku tilkynninga, geymslu, meðhöndlun og greiningu upplýsinga sem hún tekur við.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um kröfur um gæði, öryggi, merkingar og innihaldslýsingu rafsígarettna og áfyllingarílata.

c.

Hafi framleiðendur, innflytjendur eða dreifingaraðilar rafsígarettna eða áfyllingarílata, ástæðu til að ætla að rafsígarettur eða áfyllingarílát, sem eru í vörslu þeirra og eru ætluð til setningar á markað eða sem eru á markaði, séu ekki örugg eða ekki í háum gæðaflokki eða að öðru leyti ekki í samræmi við lög þessi skal sá aðili tafarlaust grípa til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að færa viðkomandi vöru til samræmis við lög þessi, afturkalla hana eða innkalla, eftir því sem við á. Þá skulu aðilar skv. 1. másl. upplýsa Neytendastofu þegar í stað um fyrirbyggjandi aðstæður.

Ráðherra setur i reglugerð frekari ákvæði um eftirlit með afleiðingum/aukaverkunum af notkun eða neyslu rafsígarettna.

d.

Framleiðendur og innflytjendur rafsígarettna og áfyllingarílata skulu árlega skila Embætti landlæknis upplýsingum um sölu og neysluvenjur á rafsígarettum og áfyllingarílátum í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur.

e.

Rafsígarettur og áfyllingarílát sem innihalda eftirfarandi aukaefni er óheimilt að flytja inn, framleiða og selja hér á landi:

- a) Vítamín eða önnur efni sem skapa þá hugmynd að varan hafi í för með sér heilsufarslegan ávinning.
- b) Koffín, tárín eða önnur aukaefni og örvandi efni sem eru tengd orku og lífsþrótti.
- c) Efni sem lita losunina.
- d) Efni sem auðvelda innöndun eða upptöku nikótíns.

- e) Efni sem hafa krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða æxlunarskaðandi (CMR eiginleika) eiginleika í óbrunnu formi.

Heimilt er að innheimta gjöld af framleiðendum og innflytjendum rafsígarettna eða áfyllinga fyrir að meta hvort notuð séu bönnuð aukaefni eða bragðefni og hvort varan innihaldi aukaefni í magni sem eykur, umtalsvert eða mælanlega, eituráhrif eða ávanabindandi áhrif eða CMR-eiginleika viðkomandi vöru samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

14. gr.

Orðin „um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks“ í 1. mgr. 17. gr. falla brott.

15. gr.

Á eftir orðinu „reykja“ í 1. mgr. 20. gr. kemur: eða nota rafsígarettur.

16. gr.

Heiti laganna verður: Lög um tóbaksvarnir og takmarkanir á heimildum til sölu og notkunar rafsígarettna.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2017.